

## Styrkir til kvikmyndasýninga – kvikmyndahátíðir og listræn kvikmyndahús

### Almennar upplýsingar um styrkveitingar vegna sýningar listrænna kvikmynda

#### Hlutverk KMÍ

Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ) er falið það hlutverk skv. kvikmyndalögum 137/2001 að efla kvikmyndamenningu á Íslandi. Undir það markmið fellur meðal annars að skapa forsendur fyrir fjölbreyttu framboði kvikmynda á heimamarkaði, tryggja að kvikmyndalist sem almenningi býðst að njóta endurspegli samfélag og samtíma í víðu samhengi og tilhöfðun kvikmynda sé víð með vísan til þjóðfélagshópa og þá sérstaklega með vísan til ungmenna og barna.

#### Styrkveitingar og úrræði

Til þess að stuðla að fjölbreyttara framboði efnis á íslenskum kvikmyndahúsum, sýningu kvikmynda með víðfeðma menningarlega skírskotun sem höfðar til ólíkra hópa veitir Kvikmyndamiðstöð styrki til annarsvegar kvikmyndahátíðar og hinsvegar starfsemi kvikmyndahúsa sem leggja áherslu á sýningu listrænna og óháðra kvikmynda.

Fjölbreytt framboð efnis á innlendum kvikmyndahúsamarkaði, sérstaklega þegar litið er til efnis sem höfðar til barna, er mikilvægt til að bæta myndlæsi og –skilning í heimi sem einkennist æ meira af miðlun efnis og upplýsinga á myndrænu formi.

### A. Styrkir til kvikmyndahátíða

Veittir eru styrkir til skipuleggjenda kvikmyndahátíða innanlands sem eru til þess fallnar að efla kvikmyndamenningu og auka fjölbreytni kvikmynda sem sýndar eru almenningi.

#### Lýsing á styrkæfu verkefni

Styrki má veita til að mæta kostnaði við framkvæmd kvikmyndahátíðar sem haldin er á Íslandi. Með kvikmyndahátíð er átt við tímabundinn viðburð þar sem skipulögð dagskrá kvikmyndasýninga og tengdra viðburða er opin er almenningi. Áhersla kvikmyndahátíðar getur verið sértæk þegar litið er til þematískrar uppbyggingar, markhóps áhorfenda eða tegund kvikmyndaverka, sem birtist í dagskrárstefnu hátíðarinnar.

Markmið hátíðar skal vera að vekja athygli almennings eða sértækari markhóps á umfjöllunarefni hátíðarinnar eða kvikmyndalist og notkun myndmáls til að endurspegla samfélagið í víðara samhengi og efla þannig kvikmyndamenningu á Íslandi.

#### Kröfur til umsókna

Umsókn um stuðning við kvikmyndahátíð skal fylgja:

- Kynning og stutt greinargerð um áherslur í dagskrárstefnu og framkvæmd fyrirhugaðrar hátíðar og einnig í samhengi við framkvæmd fyrri hátíða sé hátíðin haldin reglulega.
- Dagskrá hátíðarinnar, bæði fyrir áætlaðar sýningar kvikmynda og einnig fyrir tengda atburði, uppákomur, fyrirlestra, vinnustofur eða hliðardagskrá.
- Upplýsingar um menntun og starfsreynslu helstu aðstandenda og lykilstarfsmanna, og einnig alþjóðlegt samstarf og tengingar sé því til að dreifa.
- Upplýsingar um vettvang hátíðarinnar, sýningarstaði kvikmynda og aðstöðu fyrir aðra skipulagða viðburði.

- Rekstraráætlun fyrir hátíðina, með sundurliðun helstu tekju- og kostnaðarliða, með samanburði við fyrra ár hafi hátíðin verið haldin áður.
- Greinargerð til skýringar á helstu liðum kostnaðaráætlunar. Slík greinargerð skal útlista hvernig áætlaðir kostnaðarliði tengjast þeirri starfsemi sem sótt er um styrk fyrir og breytingar frá fyrra ári hafi hátíðin verið haldin áður. Í skýringum með áætlun skal t.d. útlista forsendur að baki eftirfarandi kostnaðarliðum í áætlun:
  - Forsendur fyrir áætlunum um laun starfsmanna eða verktaka, kostnað vegna sýningarréttar vegna kvikmynda sem teknar eru til sýninga.
  - Kostnað vegna sýningaraðstöðu eða streymiskerfi.
  - Kostnað við auglýsingar, kynningar og skipulag viðburða til kynningar.
  - Kostnað við móttöku, ferðakostnað og uppihald erlendra gesta ef við á.
  - Stjórnunarkostnað hátíðar, þ.e. kostnað við almennt utanumhald, aðstöðu o.fl.
- Fjármögnunaráætlun fyrir hátíðina. Þar skal gera grein fyrir hvaða styrkir hafa fengist aðrir en sá sem sótt er um hjá KMÍ og forsendum áætlana um aðrar tekjur hátíðarinnar.

### Áhersluþættir við mat umsókna

Umsóknir eru metnar á grundvelli umsóknargagna þar sem tillit er tekið til hvort fyrirhuguð hátíð sé til þess fallin að ná fram markmiðum um að efla kvikmyndamenningu, auka útbreiðslu listrænna mynda og fjölbreytni framboðs kvikmynda fyrir alla aldurshópa og e.t.v. fyrir afmarkaða landshluta. Hafi kvikmyndahátíð verið haldin áður en jafnframt litið til þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd hennar.

Litið er til dagskrár kvikmyndahátíðar og greinargerðar skipuleggjenda um hvernig standi til að ná samtali og tilhöfðun við markhóp, samfélag og nærumhverfi hátíðar. Til viðbótar er litið til hliðardagskár hátíðar, hvort haldnar séu vinnustofur, námskeið eða aðrar upptökur sem aukið geti þátttöku eða tilhöfðun dagskrár til almennings eða sértækari markhóps.

Umsóknir skal senda á tölvupóstfangið: [umsoknir@kvikmyndamidstod.is](mailto:umsoknir@kvikmyndamidstod.is), merkt styrkur vegna kvikmyndahátíðar. Umsóknum skal skilað til að lágmarki mánuði áður en fyrirhugað er að halda kvikmyndahátíðina.

### Fyrirkomulag styrkveitingar

Komi til styrkveitingar á grundvelli umsóknar er gert skriflegt samkomulag um fyrirkomulag styrkveitingar sem tiltekur nánar skyldur styrkþega, hvaða kostnaður er metinn styrkhæfur og tiltekur hvernig uppgjöri á styrk og eftirfylgni skal háttáð. Vakin er athygli á það skilyrði er sett fyrir styrkveitingu að skila bæði fjárhagsuppgjöri og greinargerð um hvernig til tókst við framkvæmd hátíðarinnar.

Fjárhæðir styrkveitinga til kvikmyndahátíða eru háðar fjárveitingum hverju sinni sem get sett bæði fjárhæðum styrkja og fjölda styrktra verkefna skorður á hverju fjárlagaári.

## B. Styrkir kvikmyndahúsa sem leggja áherslu á listrænar myndir

KMÍ veitir styrki til starfsemi kvikmyndahúsa á innlendum markaði sem leggja áherslu á fjölbreytt framboð kvikmynda og sýningu listrænna kvikmynda í dagskrárstefnu sinni.

### Lýsing á styrkæfu verkefni

Styrki má veita til listrænna kvikmyndahúsa (e. arthouse cinema) sem byggir starfsemi sína á dagskrárstefnu og útfærðri sýningardagskrá sem hefur það markmið að stuðla að fjölbreyttu framboði kvikmynda með áherslu á óháðar kvikmyndir m.t.t. að þær séu framleiddar eða dreift af stærstu framboðsaðilum kvikmynda á heimsvísu.

Til þess að flokkast sem listræn kvikmyndahús þarf að liggja fyrir dagskrárstefna með listrænni áherslu fyrir starfsemina og árleg dagskrá kvikmyndahússins ekki keppa með markvissum eða kerfisbundnum hætti við kvikmyndahús sem rekin eru á samkeppnismarkaði á sama svæði. Að lágmarki 2/3 af dagskrársettum kvikmyndum og 50% af heildartekjum af miðasölu skulu vera vegna listrænna kvikmynda (arthouse film) eða óháðra kvikmynda.

Listræn kvikmynd telst í þessu samhengi vera kvikmynd með greinanlega listræna eiginleika í framsetningu sem gera það að verkum að kvikmyndin sé ekki líkleg til þess að njóta sterkrar markaðsstöðu í almennum kvikmyndasýningum á kvikmyndahúsamarkaði. Óháð kvikmynd telst vera kvikmynd sem ekki hefur verið framleidd eða dreift af stærstu framleiðendum kvikmynda á heimsvísu og er þá einkum vísað til s.k. stúdío kvikmynda frá Bandaríkjunum. Heimildamyndir í fullri lengd sem sýndar eru í kvikmyndahúsum teljast til listrænna kvikmynda.

### Kröfur til umsækjanda

Starfsemi listræns kvikmyndahúss sem getur notið styrks skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera í fullum rekstri á ársgrundvelli og skal í því samhengi taka að lágmarki 30 kvikmyndir í fullri lengd til sýninga sem ná almennri dreifingu með samfelldum sýningartíma að viku að lágmarki.
- Þjóða upp á sýningaraðstöðu sem uppfyllir faglegar kröfur um mynd- og hljóðgæði í sýningu og vera með sal sem rúmar að lágmarki 60 sæti.
- Hafa í stofnsamþykktum sínum lýsingu á markmiði starfseminnar sem vísa til kvikmyndamenningar, miðlunar á listrænum kvikmyndum eða menntun á sviði kvikmyndalæsis eða skyldra þátta.

### Kröfur til umsókna

Umsókn um stuðning við starfsemi á listrænu kvikmyndahúsi skal fylgja:

- Greinargerð um starfsemi kvikmyndahússins, áherslur í starfi, hvernig kvikmyndahúsið setur saman dagskrárstefnu sína og á samskipti við markhóp sinn og nærsamfélag.
- Lýsing á aðild að alþjóðlegu samstarfi, alþjóðlegum samtökum sem tengjast dreifingu eða sýningu listrænna/óháðra kvikmynda
- Lýsing á samstarfi við nærumhverfi og markaði kvikmyndahúss, t.d. samstarfi við kvikmyndahátíðar, samtök fagaðila eða áhugamanna um kvikmyndagerð, samstarf við skóla eða aðrar stofnanir í samfélaginu um sýningar eða þematíska viðburði tengda kvikmyndamenningu.
- Fyrir það tímabil sem sótt er um styrk fyrir skal fylgja:
  - Dagskrárstefna og fyrirhuguð dagskrá að því leyti sem hún liggur fyrir:
  - Kostnaðaráætlun fyrir rekstur kvikmyndahússins.
  - Fjármögnunaráætlun sem sýnir hvernig rekstur hússins er tryggður á tímabilinu, þ.m.t. yfirlit yfir annað styrkfé og áætlaðar rekstrartekjur af starfsemi kvikmyndahússins.
- Staðfesting á stofnskrá umsækjanda og ársreikningur ársins á undan, með vísan til þess að umsækjandi sé ekki í rekstrararfiðleikum og hafi fjárhagslegan styrk til að standa undir þeirri starfsemi sem sótt er um styrk vegna.

### **Áherslupættir við mat umsókna**

KMÍ leggur mat á framkomin umsóknargögn í heildstætt. Þegar mat er lagt á umsóknargögn er m.a. litið til dagskrárstefnu kvikmyndahúss og hvort starfsemin sé líkleg til að auka fjölbreytni sýninga á viðkomandi markaðssvæði.

Litið er til þess hvort kvikmyndahúsið sé aðili að alþjóðlegu samstarfi sem getur aukið gæðastarf og fjölbreytni í framboði sýninga. Litið er til þess hvort áhersla sé lögð á samstarf við kvikmyndahátíðir og/eða skipulag viðburða í samstarfi við félagasamtök/opinbera aðila/sendiráð erlendra ríkja um sýningar eða uppákomur. Þá er litið til þess hvort áhersla sé lögð á að ná til ungs fólks og barna innan skipulagðrar dagskrár eða í kvikmyndahátíðum. Viðburðir sem auka menntun í myndlæsi, s.s. viðburðir sem tengjast skólum eða áhugaklúbbum um kvikmyndir gætu verið umsækjanda til framdráttar auk almenns samstarfs um skólasýningar.

### **Fyrirkomulag styrkveitingar**

Komi til styrkveitingar á grundvelli umsóknar er gert skriflegt samkomulag um fyrirkomulag styrkveitingar sem tiltekur nánar skyldur styrkþega, hvaða kostnaður er metinn styrkhæfur og tiltekur hvernig uppgjóri á styrk og eftirfylgni skal háttáð.

Fjárhæðir styrkveitinga til listrænna kvikmyndahúsa eru háðar fjárveitingum hverju sinni sem get sett bæði fjárhæðum styrkja og fjölda styrktra verkefna skorður á hverju fjárlagaári.